

143. Fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins
Klausturhóla, haldinn á Klausturhólum mánudaginn 12. febrúar 2024
kl 15:15

Mættir:

Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Pálína Pálsdóttir, Jón Atli Jónsson boðar forföll, Fanney Ásgeirsdóttir forfölluð og varamaður Auður Eypórsdóttir mætir í hennar stað. Kristín Sigríður Ásgeirsdóttir fulltrúi starfsmanna og Margrét Guðmundsdóttir hjúkrunarforstjóri.

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra, hér er það helsta sem kemur fram:

- Um áramótin kom samningur um sautjándra rýmið, það verður áfram út þetta ár, samningur við sjúkratryggingar Íslands.
- Almenn ánægja starfsfólks með námskeið sem var haldið v/umönnunar fólks með fíknivanda. Annað námskeið er í burðarliðnum.
- Unnið er að innleiðingu á appinu „Bara tala“
- Vinnueftirlitið hefur haft samb. vegna áðursendra athugasemda. Lokafrestur 1.apríl 2024.
- Hj.forstjóri skipaður í starfshóp af heilbrigðisráðueytinu um almenna líknarmeðferð á hj.heimilum. Áætlað er að hópurinn að skili af sér í haust.“
- Nýting heimilisins 2023: hjúkrunarrými 95.5% og dvalarrými: 109% Dagvistun: fullnýtt.

Samningur er við Sí er um áðurnefnd rými.

Til upplýsinga þá eru eftirfarandi rými árið 2024 og skiptast þannig:

Hjúkrunarrými:17 talsins. Dvalarrými: 2 Dagvistun:2

- Sótt hefur verið um aukafjármagn til Sí vegna kostnaðarútlaga, beðið er svars.
- Saga, sjúkrarskrár kerfið er komið í notkun og er í tölvu hj.forstjóra. En starfsfólk þarfnast þjálfunnar og kennslu. Eingöngu hjfr. hafa aðgang.
- Komin eru fimm ný rúm fyrir íbúa, með dýnum og gálgum. Eitt rýmið er m stækkunarmöguleika.
- Búið að kaupa nýja lyfjadælu en sú gamla er uppgefin.
- Söfnun fyrir garðskála er að fara af stað. Búið er að breyta staðsetningu skálans, verður við vestasta útgang Systrastapa.Skv. upplýsingum frá byggingarnefnd verður rekstrarkostnaður heimilisins við þessa viðbót óverulegur. Nú rýmið hugsað sem fjölnota rými en ekki eingöngu blómaskáli.
- Breytt fyrirkomulag vegna fasteigna hjúkrunarheimila skv. bréfi frá Ríkissjóði. Sjá frekar hér: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/01/11/Nytt-og-skilvirkara-fyrirkomulag-vid-oflun-husnaedis-fyrir-hjukrunarheimili/>
- Nýtt frumvarp um refsíábyrgð heilbrigðisstarfsmanna orðið að lögum, heilbrigðisstofnun ábyrg í stað heilbrigðisstarfsmannsins.

2. Starfsleyfi

Búið er að afgreiða nýtt starfsleyfi hjá heilbrigðiseftirlitinu og gildir það til 2035.

AE
Aðm
ABB
PP

3. Saga

Sjúkraskrárkerfi nýkomið í gagníð eins og fram kom í skýrslu hj.forstjóra. Er í einni tölvu, hjfr hafa aðgang að kerfinu.

Rekstrarnefnd leggur til að hj.forstjóra verði gert kleyft að fá leiðbeinanda á staðinn varðandi notkun á emed og sögu svo að kerfin nýtist sem best. Einnig þarf að huga að báðir hjfr. geti unnið við kerfið án vandkvæða, s.s aðstaða.

4. Eldhúsráð

Eldhúsráð hefur komið saman einu sinni, sjá minnisblað. Næsti fundur fyrirhugaður í mars. Ákv. var að matráður og hj. forstjóri héldu n.k vinnufund/fræðslu með nýju starfsfólki en ekki hefur gefist tími til þess. Skerpa þarf boðleiðir á milli mótuneytisins og starfsfólks eldhúss á Klausturhólum. Rekstrarnefnd ítrekar að matseðill vikunnar liggi fyrir á sýnilegum stað fyrir íbúa sem og að stuðst sé við leiðbeiningar Embætti Landlæknis. Æskilegt er að aðst. geti snætt með íbúum sé þess óskað sem og tekið sé tillit til sérþarfa íbúa líkt og ráðleggingar segja til um. Hj. forstjóri fylgir þessum málum eftir.

5. Starfsmannamál:

- Eins og staða mála er full mönnun, um helmingur starfsmanna er erlendur og helmingur íslenskur.
- Vinnustaðagreining var unnin á Klausturhólum að beiðni sveitarstjórnar. Ráðgjafafyrirtækið Af lff og sál sá um vinnslu. Niðurstöður úttektar hafa verið kynntar f sveitarstjórn, rekstrarnefnd og starfsmönnum Klausturhóla. Tillögur til úrbóta voru kynntar. Fulltrúi starfsmanna óskar eftir og leggur áherslu á að unnið verði að tillögum sem komu fram.
- Endurmenntun: Eins og fram kom í skýrslu hj.forstjóra er unnið að endurmenntunaráætlun starfsmanna til tveggja ára. Unnið er að því að fá fræðslustjóra að láni hjá Fræðsluneti Suðurlands. Kemur til með að þarfagreina hvornig fræðslu er þörf á. Hægt er að sækja um styrk hjá Sveitamennt sem greiðir allt að 100 % af kostnaði. Rekstrarnefnd samþykkir umsókn fyrir sitt leiti. Í desember s.l var haldinn fræðsla fyrir starfsfólk varðandi umönnun einstaklinga með fíknivanda. Fræðslan var bæði á íslensku og ensku. Ánægja var með fræðsluna. Unnið er að ítarlegri fræðslu og hugsanlegri aðkomu SÁA.
- Nauðsynlegt er að uppfæra s.s skipurit, starfslýsingar, gæðahandbók, húsreglur o.fl. Til að mynda er hugmyndafræði og gildi Klausturhóla ekki sýnileg.
- Samskiptasáttmáli. Hj.forstjóra falið að leiða þessa vinnu og komi til framkvæmda á þessu ári.

Formaður leggur til að hj.forstjóri og formaður setji saman tímasetta aðgerðarætlun um umbætur og leggi fyrri næsta fund. Rekstrarnefnd samþykkir það.

Rekstrarnefnd leggur til að fom fyrir innra mat verði komið á lagginnar. Hj. forstjóra og formanni rekstrarnefndar falið að forma innra mat og að tillögur að slíku verði lagðar fyrir rekstrarnefnd í síðasta lagi í vor og yrði tekið í gagníð á þessu ári.

6. Viðhaldsáætlun: Frestað til næsta fundar.

Rekstrarnefnd kallar eftir að viðhaldsáætlun verði unnin og tilbúin fyrir næsta fund.

AE
AGM
ABB
PP

7. Vinnueftirlitið. Skýrsla frá vinnueftirliti lögð f fundinn. Skv. hj.forstjóra er þegar búið að lagfæra athugasemdir sem bárust fyrir utan eina, en lokafrestur er 1. apríl 2024. Hj. forstjóra falið að fylgja málinu eftir.
8. Skýrsla frá heilbrigðiseftirliti. Frestað til næsta fundar.
9. Atvikaskráning
Skv. hj.forstjóra voru þó nokkur atvik skráð á síðasta ári, tengt falli eða byltu þá tengt ölvunarsástandi.
Allir starfsmenn nú upplýstir um mikilvægi atvikaskrániningar og aðgengi að eyðublöðum sýnilegt.
Hj.forstjóri kynnir tölfraedi á næsta fundi.
10. Önnur mál
 - a. Rai. Rekstrarnefnd óskar e að fá kynningu á niðustöðum Rai mats hjúkrunarheimilisins fyrir síðasta ár.
 - b. Framkvæmdasjóður aldraðra
Rekstrarnefnd hvetur hj.forstjóra til að sækja um í framkvæmdasjóð aldraðra, umsóknarfrestur rennur út 4. mars n.k. Ýmsar hugmyndir reifaðar, s.s aðstaða dagvistunnar, takm. Þjálfunaraðstaða.
 - c. Þjónustubifreið. Afar góð reynsla af notkun bifreiðarinnar. Rekstrarnefnd hvetur til þess að farið verði reglulega í bíltúr með íbúa og að bjóða t.d vikulega upp á verslunarferð eða eh þeim dúr. Heimilisfólk hefur óskað eftir því að fá tækifæri til að fara með dósirnar í endurvinnslu og er verið að vinna að lausn hvað það varðar.
 - d. Rætt um að hafa gæludýradaga. Umsjónarmanni í virkni falið að skipuleggja það í samvinnu við hj.forstóra.
 - e. Framtíðarsýn Klausturhóla. Ákv. að setja á dagskrá á næsta fund. Hj.forstjóri beðin um að kanna hvort séu til teikningar af t.d stækkun

Fundargerð lesin og samþykkt af fundarmönnum.

Margrét hj.forstjóri og Kristín fulltrúi starfsmanna yfirgefa fundinn.

11. Trúnaðarmál (Rekstrarnefnd)

Skráð í trúnaðarmálabók rekstarnefndar.

Guðbjörg B Bjarnadóttir
Anna Guðbjörg Matthíasdóttir
Audur Euphrosýsdóttir
Pálína Pálsdóttir